


N Á T T S Ö N G U R

(C o m p l e t o r i u m)

HELGUN



W. Góða nótt og sáluhjálplegan dauða gefi



oss Drottinn almáttugur. Þ. Amen.

L. Bræður, verið algáðir, vakið : Óvinur yðar, djöfullinn, gengur um sem öskrandi ljón - leitandi að þeim, sem hann gæti gleypst. Standið gegn honum stöðugir í trúnni !

(I. Péturs bréf, 5/8-9)



W. Drottinn, miskunna þú oss !



Þ. Guði sé lof og þakkargjörð !


S y n d a j á t n i n g

L. Til þess að vér, sem nálægir erum, öðlumst Guðs miskunn, skulum vér játa afbrot vor og auðmýkja oss í HANS augliti. (Allir lesi :))

Ég, syndugur maður,
 gef mig Guði allsvaldanda skyldugan
 fyrir allar mínar syndir, / því að ég hefi
 margfaldlega brotið móti mínum Skapara /
 bæði í orðum og verkum, / í hugsun rangri
 og í gleymsku. Bið ég til míns Skapara, /
 að hann gefi mér rétta lóran og yfirbætur
 minna synda / og veiti mér náð sína
 og miskunn þessa heims, / en
 annars heims ævinlegan
 fagnað.

L. Það gefi oss öllum Jesús Kristur, sem er
 Guð - blessaður um aldir alda. R. A m e n.


I. UPPHAF



N. Snú þú oss til þín,
 Drottinn Guð hjálpræðis vors.




R. Og snú frá oss reiði þinni.



N. Guð, lát þér þóknast að frelsa mig.




R. Drottinn, skunda mér til hjálpar.

(frh. sjá bls. 2) 

II. DAVÍÐSSÁLMUR (91)


(Andstef-sálmur-andstef)




Guð, ver mér náð-ug-ur og heyr mína bæn,*




er ég hróp-a, þá svar-a mér, ó, Drottinn.



I Sáll er sá, er situr í skjóli hins/hæsta,*



sá, er gistir í skugg/a hins Almáttka.



II Sá,] er segir við Drottin :

hæli mitt og/há-borg,*



Guð minn,/er ég trú-i á.

(flutt með sama tónlagi :)

I Því hann frelsar þig úr snöru/fuglarans,*
frá drepsótt glöt/unarinnar.

- II Hann skýlir þér með fjöðrum sínjum,
undir vængjum hans mátt þú hælís/leita,*
trúfesti hans er skjöld/ur og verja.
- I Eigi þarft þú að óttast ógnir nætur/innar,*
eða örina, sem flýg/ur um daga,
- II drepsóttina, er reikar um í/dimmunni,*
eða sýkina, er geis/ar um hádegisd.
- I Þótt þúsund falli þér við]hlið
og tíu þúsund þér til hægri/handar,*
þá nær það/eigi til þín.
- II Þú horfir aðeins á með/augunum,*
sér hversu óguðlegum er/endurgoldið.
- I Því að þitt hæli er/Drottinn,*
þú hefir gjört hinn hæsta/þér að athvarfi.
- II Engin ógæfa/hendir þig.*
og engin plága/nálgst tjald þitt.
- I Því að þín vegna býður hann út englum/sínum,*
til þess að gæta þín á öllum/vegum þínum.
- II Þeir munu bera þig á/höndum sér,*
að þú steytir ekki fót/þinn við steini.
- I Þú skalt stíga ofan á höggorma og/nöðrur,*
troða fótum/ljón og dreka.
- II "Af því að hann leggur
ást á mig, mun eg/frelsa hann,*
eg bjarga honum,
af því að hann/þekkir nafn mitt.
- I "Ákalli hann mig, mun eg bænheyra]hann,
eg er hjá honum í/neyðinni*
og frelsa hann og gjöri hann/vegsamlegan.
- II "Eg metta hann með fjöld/lífðaga*
og læt hann/sjá mitt hjálpræði."

I **Dýrð sé** Guði, Föður og/Syni*
og Heil/ögum Anda.

II **Svo sem** var í upphafi, er enn og/verða mun*
um aldir/alda. Amen.




Guð, ver mér náð-ug-ur og heyr mína bæn,




er ég hróp-a, þá svar-a mér, ó, Drottinn.

III. RITNINGARLESTUR -

LOKASTEYF :




N. Drottinn, miskunna þú oss !




B. Guði sé lof og þakkargjörð !


ATH. Ritningartextann má tóna, og er þá sleppt
N. "Drottinn, miskunna þú oss", sbr. eftir-
farandi dæmi (Jeremía, 14/9) :



Þú ert mitt á meðal vor, Drottinn, og vér erum



nefndir eftir nafni þínu : yfirgef oss eig-i.



Þ. Guði sé lof og þakkargjörð.

IV. VÍXLSÖNGUR




N. Í þínar hend-ur, Drottinn Guð, vil ég nú




fela minn anda. *Þ.* Í þínar hend-ur, ...



N. Þú endurleystir mig, Drottinn,



þú trúfast-i Guð. *Þ.* Í þínar hend-ur, ...



N. Dýrð sé Guði, Föð-ur og Syn-i




og Heilögum Anda. *Þ.* Í þínar hend-ur, ...

V. HYMNI



I Áður dagurinn endar skær,* Alvaldi Guð, þig



biðjum vær : Náð þín, sem ein oss frelsað




fær- , fögnuð veitandi sé oss nær.

II Ógnum myrkranna aflétt þú,
yfir oss vaki náð þín trú.
Freistarans aðsókn frá oss snú,
að fleki'oss aldrei blekking sú.


I-II Dýrð sé Kristi, er dýrð oss gaf,
dásamri meyju fæddur af,
með Föð'r og Anda Helgum hér
himneska'um eilífð krónu ber.



A - - men.



N. Gæt vor, Drottinn, eins og sjáaldurs augans.




B. Varðveit oss undir skugga vængja þinna.

VI. LOFSÖNGUR SÍMEONS

(Lúkas 2/29-32)


(Andstef-Lofsöngur-andstef)




Frelsa oss, Drottinn, með-an vér vökum,*




varðveit þú oss, er vér sofum, svo að vér vökum



með Kristi- , og megum hvíl-a í frið-i.




I Nú læt-ur þú, Herra, þjón þinn í/friði far-a,*



eins og þú hef/ir heitið mér .



II Því að augu mín hafa séð/hjálp-ræð-i þitt,*



sem þú hefir fyrirbúið í augsýn allr/a lýð-a .

I Ljós til opinberunar/heilðingjunum,*
og til vegsemdar lýð þín/um Ísrael.

II Dýrð sé Guði,/ Föður og Syni*
og Heilög/um Anda,


I Svo sem var í upphafi, er/enn og verða mun*
um aldir ald/a. Amen.

(Andstefið endurtakist, sjá bls. 19.)

VII. TRÚARJÁTNINGIN

(sjá bls. 8.)

VIII. BÆNIR



N. Kyrie eleison.

B. Guð Faðir, miskunna þú oss.




V. Christe eleison.

Þ. Kristur, Guðs son, miskunna þú oss.



V. Kyrie e-le-i-son.




Þ. Guð Heilagur Andí, miskunna þú oss.

V. Virztu, Drottinn, á þessari nóttu


Þ. að varðveita oss án synða !

V. Miskunna þú oss, Drottinn.


Þ. Miskunna þú oss ! ATH.




V. Látum oss biðja. - Veit oss, Drottinn, að



lífa í ótta þínum, að deyja í velþóknun þinni,
að hvílast í friði þínum, að rísa upp í mætti



þínum og að ríkja í dýrð þinni - fyrir son




þinn Jesúm Krist, Drottin vorn. Þ. Amen.


ATH. Víxlbænir aðrar, sem biðja má, í texta-
útgáfu séra Sigurðar Pálssonar.

FAÐIR VOR - (lesist í hljóði)


IX. BLESSAN



N. Þökkum Drottni og vegsömum hann.



B. Guði sé vegsemd og þakkargjörð !



N. Almáttugur Guð, Faðir og Sonur og Heilagur Andi
blessi oss og varðveiti að eilífu.



B. AMEN.

"Slíkur var kristinna manna háttur
á tímum postulanna, og svo ætti enn að vera :
að menn kæmu saman að morgni ... og eins að kvöldi
til þess að lesa, lofa, syngja og biðja ...

Því fyrir öllu er,
að orð Guðs berist víða
og styrki og hressi sálirnar."

TIL SKÝRINGAR

Þátttakendur skipa sér í tvo hópa - hvor andspænis öðrum, ef unnt er (t.d. til vinstri og hægri í kirkjukór). Skiptast þeir á við flutning tónsöngva þeirra, sem merktir eru I og II. Tíðastjóri tekur sér stað með I.

Hin skráða tónhæð er ekki bindandi : tíðastjóri (forsöngvari) velur hana í samræmi við raddsvið flytjenda. Hann fer einn með upphaf hymna og andstefs (fram að *, í fyrsta sinn), Davíðssálms og Lofsöngs Símeons (fram að * í fyrsta versí), en hinir taka undir. Hann fer og einn með kafla þá, sem merktir eru *W*. (*W* = versus), en þátttakendur svara (*R* = responsum).

Tónsetningu Davíðssálma og Lofsöngs Símeons þarf að athuga vandlega: við lokastef hendinga (frá /) sé beitt hóflegri mögnun og minnkun raddstyrks. Hringirnir (•) tákna aukánótur, sem notaðar séu eingöngu, þegar atkvæðafjöldi orðanna gerir ráð fyrir þeim. Óvenju langar upphafshendingar eru fluttar í tvennu lagi : lýkur þá fyrri hlutanum með þríundarfalli (]). Ber ætíð að hafa hliðsjón af seinasta tónsetta versinu (bls. 5, 14, 20).

Tónið skal flytja undirleikslaust, þýðum rómi og fremur greitt - án þess að brjóta í bága við eðli mæltis máls, og með jafnri, en þó sveigjanlegri hrynjandi. Forðast skal taktbundnar áherzslur við flutning hymnans.

R.A.O.

